

## Árskóli

Skagfirðingabraut/  
Freyjugata  
550 Sauðárkrókur

Sími: 455 1100  
Fax: 455 1199

Lifa - leika - læra

www.arskoli.is



## Jóladagskrá

Í desember er hefðbundin dagskrá brotin upp eftirfarandi daga:

Miðvikudaginn 9. desember er glugga-skreytinga- og jólakortadagur í skólanum kl. 9:50-12:40. Gluggaskreytingar eru settar upp í skólanum og allir nemendur vinna með sínum umsjónarkennara að jóla-kortagerð.

Föstudaginn 11. desember munu nemendur fá tíma kl. 9:50-12:40 til þess að skreyta stofur og undirbúa stofujól með sínum umsjónarkennara. Þess utan er kennsla samkvæmt stundaskrá.

Fimmtudaginn 17. desember er kennsla skv.

## Árshátíð

8. og 9. bekkjar

í Bifröst 2. og 3. desember

Kl. 17:00 og 20:00.

Miðapantanir í síma 453-5216  
frá kl. 14:00 sýningardagana.



stundaskrá og lokaundirbúningur stofujóla.

Föstudagurinn 18. desember: Stofujól 1. - 3. bekkjar kl. 09:00-10:30 og jólatrés-skemmtun kl. 10:30-11:30.

Stofujól hjá nemendum í 4. - 10. bekk kl. 9:00-11:00. Jólasamvera í Íþróttahúsi kl. 09:00-09:20.

Nemendur 1. - 4. bekkjar geta mætt kl. 8:10 og verið til 12:00. Nemendur eru þá í gæslu í sínum stofum.

Föstudagurinn 18. desember er síðasti skóladagur nemenda fyrir jól.

Kennsla hefst aftur samkvæmt stundaskrá mánudaginn 4. janúar.



# Árskólafréttir

Nóvember 2009

## Þemavika



Dagana 24. - 26. nóvember verður þemavika í Árskóla. Að þessu sinni er þemaefnið **Landið okkar — Ísland.** Unnið verður í aldursblönduðum smiðjum á hverju stigi og tekur hver nemandi þátt í 6 smiðjum.

Þemadagana lýkur skóla kl. 12:00 hjá nemendum á miðstigi, en kl. 12:30 á unglingsstigi. Á yngsta stigi eru skólalok samkvæmt stundatöflu.

Öll kennsla fellur niður eftir hádegi, nema iðngreinar í FNV.



## Efnisyfirlit:

Foreldrakönnun	2
Fagmennska	2
Árshátíð	3
Lúsiuhátíð	3
Jóladagskrá	4

## Friðarganga



Í lok þemavikunnar, föstudaginn 27. nóvember verður hin árlega friðarganga Árskóla kl. 8:15. Þar mynda nemendur og starfsfólk skólans friðarkeðju upp Kirkjustíginn og

kveikja á krossinum á Nöfunum. Eftir friðargöngu er boðið upp á kakó og piparkökur á lóð skólans við Freyjugötu.

**Allir velkomnir!**

## Jákvæð foreldrakönnun - takk foreldrar

Á hverju ári er unnið að mati á skólastarfinu með ýmsum hætti í Árskóla. Tilgangurinn er að kanna hvernig við stöndum okkur, hvað vel er gert og hvar skóinn kreppir að. Niðurstöðurnar eru hafðar til hliðsjónar við endurbætur á skólastarfinu því markmiðið er að gera góðan skóla betri. Á foreldradegi 12. nóvember sl. fór fram árleg, rafræn könnun á viðhorfum foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk til ýmissa þátta skólastarfsins. Foreldrakönnunin kom afar vel út, t.d. eru 97% foreldra

ánægð eða mjög ánægð með Árskóla. Þá geta 95% foreldra mælt með Árskóla. Varðandi námsmat telja 91% foreldra leiðsagnarmatið, sem skólinn tók upp sl. haust, gagnlegt eða mjög gagnlegt. Foreldrum gafst einnig kostur á skriflegum athugasemdum sem við tókum til skoðunar, sem og allar vísbendingar um það sem betur má fara. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir jákvæð og hvetjandi skilaboð í þessari könnun.

## Fagmennska kennara

Í Árskóla er stöðugt leitað leiða til að vinna að umbótum í skólastarfi og markmiðið ætíð að bæta skólastarfið. Á yfirstandandi skólaári vinna kennarar að þróunarverkefni sem ber heitið **Fagmennska kennara**. Markmið verkefnisins er að nýta þann mannauð sem fyrir er í skólanum til að auka fagmennsku hvers og eins, efla samvinnu á milli kennara og styrkja sjálfsmat skólans. Hver starfsmaður leggur sig fram um að ígrunda eigið starf með það að markmiði að efla

Þróunarverkefni, styrkt af Sáttmálasjóði.

fagmennsku sína í **skóla sem lærir**. Stýrihópur í Árskóla með fulltrúum kennara á öllum stigum, deildarstjórum og kennsluráðgjafa heldur utan um verkefnið. Einnig njótum við handleiðslu frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri, en fulltrúar þaðan koma að jafnaði einu sinni í mánuði í heimsókn til okkar. Verkefnið hefur verið styrkt m.a. af **Sáttmálasjóðnum**.

## Árshátíð unglíngastígs - 8. og 9. bekkur

Árshátíð unglíngastígs (8. og 9. bekkjar) verður haldin í Bifröst miðvikudaginn 2. og fimmtudaginn 3. desember. Sýningar verða kl. 17:00 og 20:00 báða dagana.

Miðapantanir í síma 453-5216 frá kl. 14:00 sýningardagana.

Ekki er ólíklegt að einhverjir verði komnir í jólasþap, syngi og segi jólasögur. Við lofum öllum bæjarbúum góðri skemmtun.



Allir hjartanlega velkomnir!

## Lúsíuhátíð 6. og 7. bekkjar

Sú hefð hefur skapast í Árskóla að halda Lúsíudaginn hátíðlegan. Að þessu sinni ber hann upp á sunnudag og því flýta nemendur deginum um þrjá daga og halda Lúsíuhátíð fimmtudaginn 10. desember.

Að þessu sinni verða Lúsíurnar tvær, önnur úr 6. og hin úr 7. bekk. Þær munu, ásamt þernum þeirra, stjórnudrengjum, piparkökustrákum og jólasveinum ferðast um bæinn og syngja jólasöngva fyrir gesti og gangandi.

Umsjónarkennarar bekkjanna, ásamt þeim Írisi Baldvinsdóttur og Rögnvaldi Valbergssyni, hafa veg og vanda af Lúsíudeginum.

Um morguninn heimsækja börnin nemendur í Árskóla við Freyjugötu en

eftir hádegi heimsækja þau Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki, Byggðastofnun, Skagfirðingabúð kl. 16:00 og Íþróttahúsið á Sauðárkróki kl. 17:00.

## Lúsíuhátíð

Allir velkomnir

í Íþróttahúsið á Sauðárkróki

fimmtudaginn 11. desember

kl. 17:00 -17:30.